

CEDEFOP (2014) Valuing diversity: guidance for labour market integration of migrants

Fögnum fjölbreytileikanum: Ráðgjöf við innflytjendur á vinnumarkaði.

Útdráttur unninn af Soffíu Valdimarsdóttur aðjúntkt í náms- og starfsráðgjöf HÍ (Aftast í skýrslu er að finna lista yfir skilgreiningar á ýmsum hugtökum sem teljast miðlæg á sviðinu).

Það kann að skjóta skökku við á tímum viðvarandi og vaxandi atvinnuleysis í Evrópu að CEDEFOP leggi áherslu á ráðgjöf til að auðvelda innkomu innflytjenda á vinnumarkað. Skýringin er sú að mannfjöldaspár gera ráð fyrir fólksfækkun í álfunni um allt að 50 milljón manns á næstu 45 árum. Þar að auki mun meðalaldur íbúanna að líkindum halda áfram að hækka. Afleiðing þessa mun verða hlutfallsleg fækkun vinnuafis. Sömueiðis ber að nefna að ekki hefur tekist að draga úr viðvarandi brottfalli ungmenna og því mun vinnandi höndum ekki einungis fækka heldur mun skortur á sértækri þekkingu aukast. Í ljósi þessa ber að líta á innflytjendur sem þjónandi mannauð fremur en þiggjandi gesti. Markmið ráðgjafar er því ekki síst að auðvelda þeim innkomu á vinnumarkað. Annað mikilvægt markmið er að draga úr núningi í samsettum samfélögum en vaxandi spennu í anda kynþáttahyggju gætir nú í Evrópu samhliða minnkandi atvinnuframboði.

Rannsókn og aðferð

Skýrsla þessi byggir á niðurstöðum rannsóknar sem miðar að því að varpa ljósi á helstu áskoranir á sviði ráðgjafar við innflytjendur sem hyggja á innkomu á evrópskan vinnumarkað og draga saman þá þætti sem aukið gætu gæði og skilvirkni.

Viðföngin meðal innflytjenda var fólk frá þriðja heims ríkjum sem ýmist getur talist:

- Ungmenni sem leita leiða inn á vinnumarkað
- Atvinnulausir með takmarkaða færni

- Konur með takmarkaða færni

Sömuleiðis voru teknar saman tölfræðilegar upplýsingar um innflytjendur í Evrópu, spurningalistar voru sendir á starfsstöðvar ELGPN og samráð var haft við ýmsa hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðar. Síðast en ekki síst voru tekin viðtöl við starfandi ráðgjafa á sviðinu. Rannsóknin byggir ennfremur á því helsta sem um er rætt um þessar mundir á fræðasviði starfspróunar. Fyrst er að nefna að helstu kennismíðir hafi byggt á of einsleitum/afmörkuðum forsendum í rannsóknum sínum enda megi þannig halda því fram að hugmyndafræðileg umgjörð náms- og starfsráðgjafar við innflytjendur sé ekki í samræmi við veruleika þess hóps. Þar ber hæst að menningarmunur er á viðhorfi fólks til vinnunnar og að einstaklingshyggja geti talist vestrænt fyrirbæri umfram annað. Þörfin fyrir endurskoðun og aðlögun ráðgjafar á Evrópusvæðinu er því talin mikil en þar skortir helst viðeigandi/sértækar rannsóknir. Eftir lausnum er þó helst litið til hugmynda Savickas (sjá heimildir 1997 og 2009 í rafrænu útgáfu skýrslunnar).

Helstu niðurstöður og efni einstakra kafla

Í skýrslunni er áréttað að þrátt fyrir ofangreinda annmarka og samfélagsbreytingar séu helstu stoðir ráðgjafar á sviði starfspróunar líkt og áður að:

- stuðla að aukinni sjálfsþekkingu ráðþega
- veita upplýsingar og ráðgjöf um náms- og starfsumhverfi
- aðstoða við áætlanagerð í ljósi persónulegra aðstæðna
- hvetja ráðþega til að kortleggja sjálfssögu sína með það að marki að taka viðeigandi ákvarðanir varðandi framtíð sína

Helstu áskoranir sem dregnar eru fram varðandi ráðgjöf við innflytjendur eru:

- ólíkur menningarlegur bakgrunnur ráðþega/ráðgjafa
- hættan á að staðalímyndir ólíkra menningarhópa trufla störf ráðgjafa
- takmarkandi hugmyndir í kenningum, aðferðum og mælitækjum á sviði starfspróunarfræða vegna skorts á fjölmennarlegum rannsóknum

Mælt er með að:

- Aðlaga líkön og nálganir að markhópum með því að mæla menningarlegt réttmæti þeirra hverju sinni
- Meta og þróa færni/forsendur ráðgjafa til að sinna fjölmennningarlegri ráðgjöf

Í öðrum kafla er gildi ráðgjafar fyrir innflytjendur útlistað bæði í máli og myndum. Í kafla 2.3. er t.a.m. að finna töflu yfir helstu verkþætti ráðgjafar.

Þriðji kafla skýrslunnar veitir ýmsar lýðfræðilegar upplýsingar sem og félag- og efnahagslegar forsendur ólíkra aðildarlanda EU. Á bls. 76-77 er samantekt helstu lykilatriða á því sviði.

Fjórði kafla gefur svo yfirlit yfir stofnanalegan strúktúr. Hvað náms- og starfsráðgjöf varðar er stefnumörkun almennt nokkuð miðstýrð þvert á aðildaríkin í gegnum yfirstofnanir EU en framkvæmd stefnunnar er með ólíkum hætti.

Í fimmta kafla er að finna dæmi um nokkur ólík verkefni á sviði ráðgjafar við innflytjendur í Evrópu. Þar eru hlekkir á heimasíður verkefnanna.

Sjötti kafla greinir ítarlega frá helstu áskorunum í ráðgjöf við innlimun innflytjenda á evrópskan vinnnumarkað.

Í samþykkt Evrópuráðsins um ævilanga ráðgjöf frá 2008 er þróun færni til að taka upplýstar ákvarðanir á eigin starfsferli (CMS) sett í forgang. Skýrslan undirstrikar það. Nauðsynlegir grunnfærniþættir einstaklinga í þekkingarsamfélögum samtímans eru hér skilgreindir þessir fjórir:

- móðurmálskunnátta
- tungumálakunnátta önnur
- stærðfræðileg þekking og undirstöðuþekking í vísindum og tækni t.d. stafræn færni
- félags- og borgaraleg færni, námsfýsi, frumkvæði og athafnasemi, menningarlæsi og geta til að tjá sig

Mikilvægi mats

Mikil áhersla er á mikilvægi hvers kyns stöðu- og/eða færnimat enda gefi það vísbendingar um hvaða færni vanti svo innflytjendur geti í senn aukið möguleika sína og orðið að sem mestu gagni í efnahagslífi viðtökuríkis. Matið getur einnig varpað ljósi á persónulega færni/eiginleika. Færnimappa er sögð gott tæki til að fá slíka yfirsýn og á það bent að hún gagnist áfram við starfsþróun einstaklinga. *Bilan de Compétence* er heiti á frönsku verkefni á þessu sviði sem þykir gefa góða raun.

Mat á fyrra námi/náms- og starfsréttindum er ekki unnið með samræmdum hætti en EU hefur lagt til að aðildarríkin vinni sérstaklega að samhæfingu fram til ársins 2018. Mat á gæðum ráðgjafar með tilliti til áreiðanleika upplýsinganna sem veittar eru og skilvirkni úrræða er einnig sagt áfríðandi verkefni næstu ára.

Lærdómur sem draga má af rannsókninni

- ráðgjöf sem miðar að því að auðvelda innflytjendum inngöngu á vinnumarkað verður að hafa skýran tilgang í augum ráðgjafa og ráðþega
- nálganir þurfa að byggja á traustum siðferðilegum grunni
- réttur til ráðgjafar skal vera almennur
- nauðsynlegt er að ráðgjöfin sé þrepaskipt þ.e. að mat á færni og aðstæðum fari fram áður en næstu skref eru tekin
- ráðgjafar sem sinna innflytjendum þurfa að hafa fengið viðeigandi þjálfun
- upplýsingagjöf varðandi vinnumarkað þarf að vera raunhæf
- ráðgjöf þarf að vera notendamiðuð
- styrkleikar/möguleikar ráðþega skulu vera miðlægir í ráðgjöfinni
- notast þarf við viðurkenndar aðferðir/nálganir í ráðgjöfinni
- sjálfbærni úrræða er mikilvæg
- frekari samfélagsleg aðkoma að aðlögun/innlimun innflytjenda á evrópskan vinnumarkað er grundvallaratriði ef vel á til að takast

Lykilskilaboð

- samvinna, samhæfing og skuldbinding hvarvetna í stjórnkerfinu er frumskilyrði aðlögunar/innlimunar aðflutts vinnuafls
- samvinna við atvinnulíf og félagasamtök
- samræmd framsetning á færni, starfsréttindum og prófskírteinum
- stuðla þarf að snemmtækri íhlutun og tvíhliða samkomulagi heima- og móttökulanda
- skilgreina þarf ólíkra markhópa
- virkja samfélög innflytjenda
- tryggja gæði ráðgjafar og viðhafa símat á áhrifum og skilvirkni
- upplýsa innflytjendur og atvinnurekendur um ráðgjafarþjónustu og tilgang hennar
- tryggja ráðgjöfum viðeigandi þjálfun
- tryggja ráðgjöfum aðgengi að áreiðanlegum og uppfærðum upplýsingum
- samþættun nýjunga á sviðinu

Helstu ályktanir þessarar skýrslu ríma við samþykktir Evrópuráðsins frá 2004 og 2008 varðandi mikilvægi vandaðrar stefnumótunar, ekki síst með hagsmuni ungmenna í brottfallshættu og innflytjenda í huga. Stefnumótun, samvinna og samþætting eru hér meginstef.